



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is
545 8600

Skuggasundi 1,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
801 Selfossi

Reykjavík 9. nóvember 2022

Tilv.: UMH22010001/0.7

Ráðuneytið vísar til stjórnsýslukæru dags. 31. desember 2021, þar sem samtökin Náttúrugrið kærðu til ráðuneytisins skrá um vegi í náttúru Íslands aðra en þjóðvegi, sem sett er á grundvelli 32. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, sbr. einnig umsögn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til ráðuneytisins frá 2. febrúar 2022 í tengslum við kæruna.

Eins og sveitarfélaginu er kunnugt um þá felldi ráðuneytið meðfylgjandi úrskurð í málinu hinn 20. október sl., þar sem kærinni var vísað frá ráðuneytinu á þeim grundvelli að ekki væri fyrir hendi kærheimild til ráðuneytisins.

Í forsendum úrskurðarins kom hins vegar fram að ráðuneytið teldi að nokkrir annmarkar hafi verið á málsmeðferð Skeiða- og Gnúpverjahrepps við undirbúning og setningu skrár um vegi í náttúru Íslands, skv. 32. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, sbr. reglugerð um vegi í náttúru Íslands, nr. 260/2018.

Fram kom að sveitarfélagið hafi ekki leitaði eftir sérstöku samráði við þá aðila sem kveðið er á um í 32. gr. náttúruverndarlaga við vinnslu tillögu að skránni. Þessari ótvíræðu lagaskyldu sveitarfélagsins hafi ekki verið fylgt eftir jafnvel þó í málinu komi fram að Skipulagsstofnun hafi í samskiptum sínum við sveitarfélagið við undirbúning að samþykkt aðalskipulagsins bent á þessa skyldu til samráðs. Í framangreindum úrskurði ráðuneytisins kemur fram að svo virðist sem nokkrir annmarkar hafi einnig verið á samþykki og auglýsingu umræddrar vegaskrár í samræmi við 32. gr. náttúruverndarlaga, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 260/2018.

Í samræmi við niðurstöður úrskurðarins beinir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið þeim tilmælum til Skeiða- og Gnúpverjahrepps að sérstaklega verði skoðað af hálfu sveitarfélagsins hvort tilefni sé til að endurskoða afgreiðslu þess á umræddri skrá í ljósi framangreindra annmarka á málsmeðferðinni við gerð og birtingu hennar, sbr. 32. gr. náttúruverndarlaga, sbr. reglugerð um vegi í náttúru Íslands, nr. 260/2018.

Fyrir hönd ráðherra


Sigríður Svana Helgadóttir


Hafsteinn S. Hafsteinnsson

Fylgiskj.: Úrskurður umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, dags. 20. október 2022.

Ljósrit: Sif Konráðsdóttir, f.h. Samtakamma Náttúrugrið.

.
Innviðaráðuneytið,
Sölvhólsgötu 7,
101 Reykjavík

.
Skipulagsstofnun,
Borgartún 7b,
105 Reykjavík

.
Umhverfisstofnun,
Suðurlandsbraut 24,
108 Reykjavík